



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. október 2014.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 24. september sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál á 144. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa starfshóp með fulltrúum allra stjórnmalaflokka á Alþingi sem fái það hlutverk að gera þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu út frá endurskoðaðri ríkisfjármálaáætlun. Áætlunin verði lögð fyrir þingið eigi síðar en 1. febrúar nk. og höfð til hliðsjónar við vinnslu fjárlaga á komandi árum.

LÍ telur undir það sem í tillögunni sjálfri felst og telur sérstaklega mikilvægt að gera slíka áætlun, ekki síst um eflingu heilbrigðisþjónustunnar. Læknar hafa ítrekað bent á það allt frá hruni að mikill niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni stefni þjónustunni í hættu, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Árlega frá hruni hefur aðalfundur LÍ varað við þessari þróun og afleiðingum hennar og sent Alþingi þær ályktanir. Nú er svo komið að sífellt færri læknar úr hverju útskriftarárgangi skila sér heim að afloknu sérfræðinámi. Læknar eldast og á næstu árum mun stór hópur lækna fara á eftirlaun með alvarlegum afleiðingum fyrir fjölda lækna í starfi. Heilbrigðisþjónustan er ekki samkeppnisfær varðandi laun enda hafa læknar dregist verulega aftur í launum, bæði miðað við háskólamenntaða hér á landi og í samanburði við þau launakjör sem þeim bjóðast í helstu nágrannalöndum. Læknar hafa verið án kjarrasamnings við ríkið í tæpa níu mánuði. Hvorki hefur gengið né rekið í samningaviðræðum við ríkisvaldið með þeim afleiðingum að í fyrsta sinn í sögunni fara læknar í verkfall frá 27. október nk. Starfsaðstaða á heilbrigðisstofnunum, ekki síst hjá Landspítala er orðin þannig að íslensk heilbrigðisþjónusta er ekki lengur aðlaðandi starfsvettvangur fyrir lækna.

Þessari ófremdarþróun verður að snúa við. Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni tillögunnar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.